

Fundur haldinn 15. janúar 2024 kl. 19.00 í Baugatúni 5

1. Setning fundar og kveikt á kertum

Aðalbjörg, formaður, setur fund og býður Hönnu að kveikja á kertunum. Formaður skilar góðum kveðjum frá konum sem hafa forfallast af ýmsum ástæðum en óvenju margar eru á ferð og flugi þessa dagana.

2. Fundargerð síðasta fundar lesin

SRJ les tvær síðustu fundargerðir, önnur þeirra er frá 17. október sl. og hin frá jólafundi en þá fundargerð ritaði Hildur Hauksdóttir í fjarveru SRJ.

3. Erindi frá stjórn

Formaður nefnir að um óformlegan fund sé að ræða og eina málið sem nú liggi fyrir sé að ræða við uppstillinganefnd þar sem brátt verði stjórnarskipti. Formaður þakkar undirbúningsnefnd fyrir skipulag fundarins sem og Vöku fyrir að opna fallega heimilið sitt fyrir félagskonum. Í undirbúningshópi eru Hanna, Björk, Lilja, Rósa, Margrét Kristín og Vaka. Formaður bíður nefndinni að taka við fundarstjórn. Rósa tekur við fundarstjórn og ræðir að bókafundur verði með svipuðu sniði og áður en þó hafi sú breyting verið gerð að hver kona hafi fjórar mínútur til ráðstöfunar í bókaumræðu í stað þriggja. Ef margar konur eru með sömu bók þá fjalli allar í einu um bókina. Vaka er skipaður tímavörður. Bókaumfjöllun tekur við.

4. Bókaumræða - umfjöllun:

Þorgerður Sigurðardóttir og Sigríður Magnúsdóttir

DJ Bambi (2023), höfundur: Auður Ava Ólafsdóttir.

Umsögn: bókin lýsir mjög vel líðan, togstreitu og bið vegna kynskiptiaðgerðar. Áhugaverð bók sem fær fólk til að skilja þetta ferli svo miklu betur. Þær stöllur mæla allar með bókinni.

Sigríður Magnúsdóttir

Bullshit Jobs (2018), höfundur: David Graeber. Bókin byggir á rannsókn, samtöl voru við fólk sem metur eigið starf óþarft. Áhugaverð lesning.

Selma Hauksdóttir

Sumarblóm og heimsins grjót (2023), höfundur: Sigrún Alba Sigurðardóttir. Bókin er byggð á ævi ömmu höfundarins en er skáldsaga. Sagan er áhugaverð en þetta er fyrsta bók höfundar.

Minnie Eggertsdóttir, Björg Sigurðardóttir og Ragnheiður Sigurðardóttir

Valskan (2023), höfundur: Nanna Rögnvaldsdóttir. Saga sem gerist á 18. öld og er af Valgerði sem er prestdóttir og átti stórmerkilega ævi. Bókin er þó mikil hörmungarsaga. Áhugaverð kort og ættartré sem eru heillandi við bókina. Fram kemur að mikið er um matarlýsingar í bókinni. Mikil heimildarvinna og spennandi bók sem þær stöllur mæla með.

Lilja Sæmundsdóttir

Sólarsystirin (2023), höfundur: Lucinda Riley. Sjötta bókin í seríunni um systurnar sjö. Heilmikil sagnfræði í þessum bókum sem eru bæði skemmtilegar og fróðlegar.

5. Kaffihlé

Hér er gert kaffihlé og býður Rósa konum að njóta veitinga sem í boði eru.

Í kaffihléi er tekið upp spjall og dregið í happdrættinu og eftir nokkra útdrætti var heppnin með Þorgerði Sigurðardóttur og færði Aníta henni fallega gjöf.

Þá ræðir formaður að nú verði pyngjan endurvakin og fer hún yfir hvernig það gengur fyrir sig og lætur lítinn poka ganga en gamla pyngjan virðist alveg vera týnd og tröllum gefin. Ágóðinn sem safnast fer í starf deildarinnar. Þá kemur fram að einnig megi leggja inn í gegnum heimabanka. Bankaupplýsingar er að finna á heimasíðu og fésbókarsíðu deildarinnar.

Bókaumfjöllun heldur áfram

María Steingrímsdóttir

Land næturinnar (2023), höfundur: Vilborg Davíðsdóttir. Undanfari bókarinnar er *Undir Yggdrasil*. Sagan fylgir Þorgerði sem komin er til Noregs en hún var barnabarn Auðar djúpugðu. Mikil heimildarvinna að baki sem og fyrir höfund að koma sér inn í trúarbrögð og siði þessa tíma. Litlar heimildir eru í Laxdælu um Þorgerði en Vilborg fléttar söguna meistaralega vel saman. María segir nýtt ljós koma á fornsögurnar með þessari bók.

Anna Þóra Baldursdóttir

Marrið í stiganum (2018), höfundur: Eva Björg Ægisdóttir. Skemmtileg skrif og hefur höfundurinn fengið bæði tilnefningar og verðlaun fyrir bækur sínar en hún hefur skrifað fimm bækur eftir að Marrið í stiganum kom út.

Kristín Guðbjörg Snæland

Mennirnir með bleika þríhyrninginn (2013), höfundur: Heinz Heger. Bókin fjallar um samkynhneigðan mann sem ákærður er fyrir "alvarlegan saurlifnað" og dæmdur til þrælkunar. Þetta er saga höfundar um það hvernig hann lifir af sex ára skelfilega fangavist. Bókin er skrifuð 1972.

Hanna Salómónsdóttir

Snjór í Paradís (2023), höfundur: Ólafur Jóhann Ólafsson. Smásaga eins og smásögur gerast bestar. Afar vel gerð bók.

Elín Elísabet Magnúsdóttir

Hlutskipti (2023), höfundur: Jóna Ingibjörg Bjarnadóttir (meðhöfundur/skrásetjari Jón Hjartarson). Saga þriggja kynslóða en fylgt er bókarhöfundi sem segir sögu sína. Ótrúleg saga fátæktar og hörmungar og í raun svo stutt síðan hún gerist. Sagan rennur vel en er ekki endilega vel skrifuð.

Fríða Pétursdóttir

Ég verð aldrei ungfrú meðfæruleg (2023), höfundur: Ingibjörg Kjartansdóttir ritar bókina, ævisaga Guðrúnar Jónsdóttur. Saga af magnaðri konu og margt sem hægt er að átta sig á við lestur bókarinnar. Depurð og gleði í sögunni en líka þessi kvennasaga, mikil persónuleg saga. Fríða mælir eindregið með lestri bókarinnar.

Aðalbjörg Bragadóttir

Kjöt (2023), höfundur: Bragi Páll Sigurðsson. Fjallar um Sturlaug sem er listamaður. Sagan er í raun ádeila á listamannaheiminn. Þetta er áhugaverð en mjög grótesk bók og veit AB ekki hvort hún getur hreinlega mælt með henni 😊

Sigurbjörg Rún (Sirrý)

Töfralandið (2020), höfundur: Bergrún Íris Sævarsdóttir. Töfralandið er lofsöngur höfundar um bækur en Bergrún Íris er margverðlaunaður höfundur fyrir teikningar sínar og texta.

Rósa Kristín Júlíusdóttir

Ból (2023), höfundur: Steinunn Sigurðardóttir. Mjög fín bók með fallegu máli. Fjallar um unga konu. Rósa mælir með bókinni og hefur sett greinargóða lýsingu inn á fésbókarsíðu deildarinnar.

Vaka Óttarsdóttir

The Power of Fun: How to Feel Alive Again (2021), höfundur: Catherine Price. Bókin byggir á rannsóknum á gleði. Höfundur talar um *the true fun*. Mikilvægt er að greina sjálfan sig og hugsa markvisst um hvað okkur finnst raunverulega skemmtilegt.

Aníta Jónsdóttir

Kynlegt stríð (2023), höfundur: Bára Baldursdóttir, sagnfræðingur. Bókin fjallar um „ástandið“ í nýju ljósi. Höfundur fékk aðgang að tveimur lykilsöfnum á Þjóðskjalasafni á meðan hún vann bókina. Það var mjög ill meðferð á þessum konum/stúlkum og kom Anítu á óvart hversu grimmt var gengið.

Að bókaumfjöllun lokinni þakkar formaður undirbúningshópi fyrir sitt starf og stjórn fundarins. Formaður stiklar á því sem er fram undan en það er fundarfrí í febrúar og næsti fundur ekki fyrr en 13. mars sem reyndar er dagsetning sem bent var á að skoða. AB ræðir að ef fundurinn verði færður þá verði það tilkynnt strax í næstu viku. Í undirbúningshópi fyrir næsta fund eru: Elín, Erna, Jóhanna, Ragnheiður, Selma og Sigrún. Í apríl er svo 4. fundur starfsársins og þann 16. maí verður starfsárinu lokað.

Fram kemur að það séu engin aðkallandi mál en formaður hvetur konur til lesturs fréttabréfsins en þar er talsvert af myndum frá Betadeild og einnig fréttir frá nágrannadeildum. Þá mun formaður láta konur vita af styrkjum sem hægt er að sækja um og hvetur hún jafnframt konur til að skoða heimasíðuna og fylgjast sjálfar með.

6. Önnur mál og fundarslit

Þorgerður – *hefðarkonunum fjölga*

ÞS ræðir að konum í heldri kvennaklúbbnum fjölgi og að hún muni boða til fundar í febrúar. Þar ætlar hún að óska eftir að konur viðri hugmyndir sínar um hvað þær langi til að gera, mikilvægt sé að gera e-ð skemmtilegt. Hefðarkonum líst vel á það.

Formaður telur gott að enda á þessum nótum, þ.e. að finna gleðina og hafa gaman. Hönnu er boðið að slökkva á kertunum. Minnt er á gestabókina og að lokum þakkað fyrir veitingar og húsaskjól.

3. fundur í Betadeild starfsveturinn 2023-2024

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.30/SRJ